

**Ed.**

**469. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Frá fjárhagsnefnd.

Helstu breytingar, sem frumvarpið gerir á lögum um þetta efni, eru: að laun bankastjóranna sjeu hækkuð riflega, að skipaður verði aðstoðarfjehirðir, ef þörf krefur, og að bankinn stofni styrktarsjóð með 25000 kr. handa starfsmönnum sínum, ekkjum þeirra og ómegð.

Enn fremur eru ákvæði um það, að opinberir starfsmenn, stofnanir og sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarpið, og leggur eftir atvikum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Torfason,  
formaður.

Guðm. Ólafsson,  
skrifari og framsögumaður.

H. Steinsson,  
með fyrirvara.